

Tillaga um að huga enn betur að þörfum dýra og dýraeigenda í skipulagi

Lagt er til að fela skrifstofu umhverfisgæða, starfsfólki hverfisskipulags í samvinnu við Dýraþjónustu að greina tækifæri til fjölgunar hundagerða og lausagöngusvæða fyrir hunda innan allra hverfa og leggja fram um það tillögur. Einnig verði skoðað hvar best verði að koma fyrir nýju stóru lausagöngusvæði sem kæmi í stað Geirsnefjar sem mun taka breytingum á næstu árum. Fleiri leiðir til að huga betur að þörfum dýra og dýraeigenda í skipulagi verði skoðaðar sömuleiðis.

Greinargerð:

Í meirihlutasáttmála er kveðið á um fjölgun hundagerða og hundasvæða. Þar er einnig kveðið á um nýtt stórt lausagöngusvæði fyrir hunda og svo að hugað verði að þörfum dýra við skipulagningu nýrra hverfa. Þess vegna er lagt til að ráðast í heildstæða greiningu á tækifærum í þessu samhengi.